Reykjavík 15. apríl 1997

Efni:
Ævar Agnarsson,
kt:300351-3799

sækir um uppreist æru.

Með dómi dómstóls í ávana og fíkniefnamálum uppkveðnum þann 31. ágúst 1987 var eg undiritaður dæmdur í tveggja ára fangelsi.

Eg lauk afplánun refsingar þann 24. september 1989, en þann dag var mér veitt skilorðsbu in reynslulausn - til tveggja ára.
Að fenginni reynslulausn hóf eg fljótlega störf h Granda h.f. þar sem eg starfa ennþá.

Eg hefi, á þessum tíma, lifað í alla staði reglusömu og heiðarlegu lífi - sbr. meðfylgjan sakavottorð og ljósrit af bréfi fangelsismálastofnunar.

Eg leyfi mér hér með að fara þess á leit að mér verði nú veitt uppreist æru.

Eg held nú heimili að [redacted], ásamt 24 ára gömlum syni mínum, og eins og fram hefu komið er ~~æx~~ eg búinn að vera í fastri atvinnu hjá sama vinnuveitanda undanfarin sjö og hálft ár og hyggst vera þar áfram.

Meðfylgjandi er umsögn tveggja manna um hegðan mína og hagi undanfarin ár.

Virðingarfyllst

Ævar Agnarsson

Ævar Agnarsson, kt:300351-3799

Til forseta Íslands

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Innk.: 15 APR. 1997
Málsnr.: 97040314
Bréfal.: 631.4

Reykjavík 12. apríl 1997

Við undirritaðir staðfestum hér með að við höfum þekkt Ævar Agnarsson, kt. 300351-3799, nú til heimilis
vel undanfarin 6 ár.

Samkvæmt okkar bestu vitund hefur Ævar á þeim tíma lifað í alla staði reglusömu og heiðarlegu lífi.

Við leyfum okkur hér með að mæla eindregið með því að honum verði nú veitt uppreist æru, skv. meðfylgjandi beiðni.

nafn
kennit: 26.05.47-2329

nafn
Kennit: 300754-3339.

Til forseta Íslands

FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Félagsmáladeild s. 26580.

Dagsetning Tilvísun

Ævar Agnarsson 2. október 1991 SE/

Þann 24. september 1989, var yður veitt skilorðsbundin reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, samkvæmt dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum 31. ágúst 1987.

Reynslutíminn var ákveðinn 2 ár, og var sá tími því útrunninn 24. september sl.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Fangelsismálastofnunin hefur aflað sér, er ekki vitað til þess að þér hafið gerst brotlegir við lög á reynslutímanum, né á annan hátt rofið þau skilyrði, sem yður voru sett fyrir reynslulausn.

Virðingarfyllst
e. u.

Sólveig Einarsdóttir

FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Aðsetur og póstfang: Borgartún 7 150 Reykjavík

Sími: (91) 623343

Kennitala: 440189-2029

Telefax: (91)625205

Tillaga
til forseta Íslands
um uppreist æru.

Ævar Agnarsson, kt. 300351-3799, til heimilis að [redacted], hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar að því er snertir dóm sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðinn 31. ágúst 1987, 2 ára fangelsi, fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður forseti Íslands, mætti þóknast

a ð veita nefndum Ævari Agnarssyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm, og

a ð rita nafn yðar undir afgreiðslu þá, sem hér með fylgir.

Fallist á tillöguna
9. maí 1997

Ólafur Ragnar Grímsson

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
28. apríl 1997

Allravirðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson

6 6 97